

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 01.03. 2024. Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 8:10-9:45.**

**Mættir:** Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Þórunn Jónsdóttir, Una Björk Harðardóttir (fjarverandi) Sara Pálmadóttir, Dagbjörg Helga Daniélsdóttir, Magnús Róbertsson, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir og Agnes Fjeldsted.

## Dagskrá:

### 1. Breytingar á skólaráði

Dagbjörg Helga Daniélsdóttir er nýr fulltrúi starfsmanna í skólaráði þar sem Bryndís Sigurðardóttir hefur látið af störfum við skólann. Skólaráð bauð hana velkomna og þakkar Bryndísi fyrir framlag sitt til Hraunvallaskóla í gegnum árin.

### 2. Námsleyfi skólastjóra næsta skólaár

Lars Jóhann skólastjóri verður í námsleyfi næsta skólaár. Guðbjörg Norðfjörð aðstoðarskólastjóri mun leysa hann af og verður starfandi skólastjóri skólaárið 2024-2025. Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir deildarstjóri miðdeildar mun stíga í stól aðstoðarskólastjóra og Aníta Ómarsdóttir leiklistarkennari mun taka að sér deildarstjórn Guðbjargar Ingu næsta skólaár.

### 3. Skóladagatal 2024-2025

Skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2024-2025. Búið er að leggja það fyrir kennarafund. Skólaráð staðfesti umfjöllun sína með undirskrift fulltrúa. Skóladagatalið verður lagt fyrir fræðsluráð í kjölfarið og bíður staðfestingar ráðsins.

### 4. Skólapúlsinn

Skólastjóri fór fyrir niðurstöður nemendahluta skólapúlsins fyrir 6.-10. bekk. Búna eru fjórar mælingar af átta.

### 5. Sleepover – svar við ályktun skólaráðs

Ákvörðun um að hætta að vera með Sleepover var tekin af deildarstjórum tólmstundamiðstöðva í haust og er sameiginleg niðurstaða þeirra út frá rannsóknnum um gildi svefns og út frá tilmælum landlæknis um að opinberir aðilar eigi ekki að standa að viðburðum sem hafa óljós markmið annað en að reyna að láta börnin vaka eins lengi og hægt er. Þeir vildu vera samstíga og tóku þessa ákvörðun út frá fyrr nefndum forsendum. Skólaráði fannst mikilvægt að virða þessa ákvörðun og þau sjónarmið sem þarna eru undir.

### 6. Samstarf heimilis og skóla

Líðanfundir: Guðbjörg Norðfjörð aðstoðarskólastjóri fór yfir fyrirkomulag og markmið Líðanfunda sem fóru af stað á árinu. Almenn ánægja er með fundina og lagt er upp með að hafa þá aftur á næsta skólaári en þá snemma á haustönn. Ofbeldisforvarnir: Erfiðlega gengur að finna fræðslu sem samræmist þörfum skólans. Ofbeldi ungmenna virðist þó vera vaxandi áhyggjuefni í samfélaginu sbr. fréttir og umræðu á samfélagsmiðlum. Samfés stendur t.d. fyrir ráðstefnu um ofbeldi barna núna í mars sem Sara deildarstjóri mun fara á og svo munu allir nemendur á unglingastigi fá fræðslu í lok apríl fyrir Samfestinginn um málefnið.